

Icelandic Agricultural Sciences

Vinsæll vettvangur til að birta niðurstöður íslenskra skógfræðirannsókna

Bjarni Diðrik Sigurðsson ¹, Sigurður Ingvarsson ² og Þorsteinn Guðmundsson ¹

¹Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes,

²Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, 112 Reykjavík

Icelandic Agricultural Sciences (IAS) er alþjóðlegt tímarit sem birtir greinar á ensku með íslensku yfirliti um hagnýt og fræðileg efni í lífvísindum, aðallega tengd norðurslóðum.

IAS er ritrýnt vísindarit þar sem allar greinar eru rýndar af tveimur fræðimönnum auk ritstjóra og þeir meta hvort efnið standist kröfur til birtingar í ritinu.

IAS er viðurkennt ISI-vísindarit og allar greinar sem í því birtast koma fram bæði í *Web-of-Science* og *Google Scholar* leitarvélunum.

Samkvæmt ISI er talsvert vitnað í greinar í ritinu og er Impact Factor þess um 0,60, sem er gott fyrir vísindarit á þessu fagsviði.

Skógarmenn hafa verið manna duglegastir að birta vísindagreinar í IAS. Um 23% birtra greina frá árinu 2003 fjalla um skógfræðitengdar rannsóknir. Næst kemur önnur jarðrækt með um 16% greina og í þriðja sæti eru vísindagreinar um dýrasjúkdóma með um 11%.

Ritstjóri er Þorsteinn Guðmundsson prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands og með honum í ritstjórn eru Bjarni Diðrik Sigurðsson prófessor við sama skóla og Sigurður Ingvarsson prófessor við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Ritið kemur út einu sinni á ári eða oftár.


Skilafrestur í næsta prentaða hefti er 15. mars, en greinar birtast rafrænt um leið og þær hafa verið samþykktar. Lesa má leiðbeiningar um uppsetningu handrita á heimasíðu ritsins (www.ias.is).

Að útgáfunni standa eftirtaldar stofnanir:

1. Bændasamtök Íslands,
2. Hólaskóli – Háskólinn á Hólum,
3. Landbúnaðarháskóli Íslands,
4. Landgræðsla ríkisins,
5. Matís ohf.,
6. Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá,
7. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,
8. Veiðimálastofnun.

Yfirlit um stofnanir greinahöfunda í Icelandic Agricultural Sciences 2003-2011.

Fagsvið greina sem birst hafa í Icelandic Agricultural Sciences á árabílinu 2003-2011



Nánari upplýsingar um ritið er að finna á www.ias.is